

1875

70 hvort hreppurinn ætti að greiða jafnaðarsjóðnum leigu fyrir þessa notkun, eða hverjum
27da öðrum nánari skilyrðum hún ætti að vera bundin.
septbr.

71
13da
október.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Lagt var fyrir amtmanninn að sjá um, að póstsendingavog með lóðum, er útveg-
uð hafði verið handa amtmannsembættinu og brjefavog með lóðum, sem keypt hafði verið
handa sýslumannsembættinu í Rangárvallasýslu, framvegis fylgi nefndum embættum.

72
14da
október.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Með brjefi frá 7. þ. m. hafð þjer herra amtmaður sent mjer skoðunargjörð um
skemmdir á umboðsjörðunni Eystri-Lyngum, og jafnframt því getið þess, að þjer, þá er
þjer skoðuðuð umboðsjarðirnar í Skaptafellssýslu, hafð einnig kynnt yður ástand jarðar
þessarar, og þá ekki sjeð betur en, að hún naumast gæti heitið byggileg, þar sem sand-
ágangurinn væri svo að segja gjörsamlega búinn að eyðileggja túnið, eins og útheysslægj-
ur og hagar einnig væru mjög illa útleiknir af hinum sömu skemmdum, og af því að
nokkuð af landinu lægi undir vatni, er ekki gæti fengið afrennsli vegna þess, að sand-
hrannirnar hækkuðu landið upp að framan. Þjer hafð því samkvæmt tillögum umboðs-
mannsins yfir Þykkvabæjarklaustursjörðum mælt fram með, að landsetanum á jörð þessari,
Ólafi Sveinssyni, sem með brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 24. febr. f. á., var veitt til far-
daga 1876 20 álna linun í landskuld sinni, verði nú frá næstu fardögum veitt ennfremur
10 álna linun, svo að landskuldin sem áður var 60 álnir, verði nú 30 álnir, að hálfu
goldnar eptir meðalverði og að hálfu með 16 aorum fyrir hverja alin, en að þar á móti
þau 2 kúgildi, sem eru á jörðunni, verði látin halda sjer og eptir þau goldnar fullar
leigur.

Af þessu tilefni skal yður tjáð til leiðbeiningar og birtingar, að jeg eptir mála-
vöxtum leyfi, að landskuldarlínun sú, sem þjer hafð stungið upp á, veitist greindum leigu-
líða um þrjú ár frá fardögum 1876.

73
14da
október.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Með brjefi frá 7. þ. m. senduð þjer, herra amtmaður tillögur umboðsmanns
Þykkvabæjarklaustursjarða um, að neðan nefndum ábúöndum á nokkrum jörðum, er liggja
undir nefnt umbod, verði veitt þóknun fyrir að hafa mokað burt af túnum ábylisjarða
sinna sandi, er á þau f auk síðastliðinn vetur:

1. Stefáni Einarssyni á Þykkvabæjarklaustri 18 álnir, helmingur eptir meðalverði og
helmingur með 16 aorum fyrir hverja alin, fyrir að hafa unnið 18 dagsverk.
2. Sigurði Nikulássyni samastaðar 30 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir að hafa unnið
30 dagsverk.
3. Jóni Andrjessyni í Þykkvabæjarklausturshjáleigu 8 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir
að hafa unnið 8 dagsverk,
4. Stefáni Höskuldssyni á Sandhúsnesi 30 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir að hafa
unnið 31 dagsverk.

Þjer hafð mælt fram með þessum tillögum, af því, að hjer að eins sje að røða um
lítilfjörlega þóknun, en engan veginn verulega borgun, fyrir verk þau, er ábúendurnir